

Endur- og símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla 2016-2017





Starfsmannastefna Reykjanesbæjar

Mikilvægt er að innra starf skóla sé öflugt og lögð sé áhersla á fagmennsku í kennslu sem og uppeldi og stjórnunarstarfi m.a. með símenntun kennara.

Stefnumið Reykjanesbæjar er að:

- ✓ vinna að markvissum umbótum á öllum skólastigum í gegnum símenntunaráætlanir hvers skóla
- ✓ tryggja starfsfólki aðgang að bestu fáanlegu símenntunartilboðum hverju sinni
- ✓ halda skrá yfir símenntun kennara og skólastjóra
- ✓ efla ber fagmennsku í uppeldis- og stjórnunarstörfum hjá skólum bæjarfélagsins

Mat á skólastarfi er tæki til umbóta og eðlilegur þáttur í daglegu starfi fagmanna. Hver skóli mótar sér umbótaáætlun sem byggir á vönduðum matsaðferðum.

Umbótaáætlunin skal haldast í hendur við starfsmannastefnu og símenntun starfsfólks og endurskoðast árlega.

Úr starfsmannastefnu Reykjanesbæjar

Starfsþróunaráætlun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/endurmenntunaráætlun.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150/126/102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150/126/102 klst. er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann og þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum skólaársins og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt starfsþróunaráætlun skóla, enda er hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Endurmenntunaráætlun skal kynnt kennurum.

Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

Úr handbók með kjarasamningi bls. 34



Endur- og símenntun starfsmanna

Endur- og símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:

- 1) Námskeið og fræðslufundir sem skólastjóri ákveður út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum skólaársins.
- 2) Námi og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í sínu starfi.

Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri endur- og símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi.

Starfsmönnum ber skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað, samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau skulu haldin á starfstíma skóla og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.


Dæmi um símenntun eru:

- ✓ Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- ✓ Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- ✓ Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímunum en skráist sem símenntun)
- ✓ Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- ✓ Teymisvinna
- ✓ Rýnishópar
- ✓ Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)



Ferli símenntunar

Ferli við gerð símenntunaráætlunar



Umbóta- og þróunarstarf, áherslur og markmið 2016-2017

Nýjar áherslu í námsmati

Unnið er eftir Aðalnámskrá grunnskóla með aðaláherslu á námsmat og lykilhæfni. Námsmatsteymi helda utan um vinnu við innleiðingu innan skólans ásamt stjórnendum.

PBS-Stuðningur við jákvæða hegðun

PBS - Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (e. Positive Behavior Support), er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkefninu þarf að viðhalda og mun stýrihópur leiða starfið undir stjórn teymisstjórnanna Kristínar Blöndal og Guðnýjar Karlsdóttur. Í vetur verður áfram samvinna með PBS teymum í Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Háaleitisskóla. Haldið verður áfram með innleiðingu á „Stöndum saman“ sem er forvarnarkerfi gegn einelti í stuðningi við jákvæða hegðun. Þetta er kennsla á þriggja þrepa viðbragði



nemenda við hegðunarfunda. Nemendum er kennt að nota „Hættu – Gakktu – Segðu frá“ og starfsfólki er leiðbeint með viðbrögð við þessu þriggja þrepa viðbragði og eftirfylgni. Stuðst er við námsefnið „Stöndum saman“.

Mat á framvindu verður lagt fyrir í lok skólaárs með þarfagreiningu.

Spjaldtölvur í námi og kennslu

Áframhald verður á innleiðingu spjaldtölva í námi og kennslu. Allir nemendur í 8.-10. bekk verða með spjaldtölvur til notkunar í námi auk þess sem hálf bekkjarsett er til útláns fyrir aðra árganga. Boðið verður upp á námskeið til að styðja kennara, einnig verða haldnar menntabúðir þar sem kennarar læra af hver öðrum.

Ipad teymið stýrir innleiðingunni, Drífa Gunnarsdóttir og Rafn Vilbergsson eru teymisstjórar ásamt Yngva Þór Geirssyni tölvuumsjónarmanni.

Lestrarmenning


Njarðvíkurskóli leggur áherslu á lestrarnám upp allan grunnskólann.

Skólaárið 1995-1996 unnu kennarar við skólann þróunarverkefnið Markviss lestrarkennsla /Heildstætt móðurmál. Skólinn mun viðhalda verkefninu með því að kynna það fyrir nýjum kennurum og hvetja til þess að þeir nýti sér það í kennslu. Það er mikill áhugi á að viðhalda lestrarmenningu innan skólans og er það hluti af fagstjórn í íslensku.

Árið 2011 hófst vinna við lestrarstefnu Njarðvíkurskóla og var hún kynnt starfsfólki. Lestrarstefnan er virk stefna í stöðugri þróun og er uppfærð á hverju hausti. Markmið með lestrarstefnunni er að kennslan sé markviss og skýr og haft að leiðarljósi æskilegri lestrarfærni nemandans alla skólagönguna. Einnig hefur verið lögð áhersla á skýr viðbrögð við skimunum og hlutverk þeirra sem að nemandanum koma. Megináhersla skólaársins er að efla lesskilning hjá nemendum og kenna lesskilningsaðferðir. Haldin verða námskeið um lestur, stafsetningu og ritun til að efla kennara í kennslu allra þátta móðurmálsins og í tengslum við lestrarstefnu skólans. Nemendur í 3.-6. bekk vinna m.a. með samlestaraðferðina PALS og stefnt er að því að þeir kennarar í 3.-6. bekk sem ekki hafa farið á námskeið í tengslum við PALS fari á slíkt námskeið á haustönn.

- **Lestu meira lestu betur.** Fengum styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir verkefnið. Deildarstjórar halda utan um fræðslu til kennara. Sjá töflu.

Hvers konar endurmenntun er um að ræða	Hópur	Hvaða tilgangi þjónar endurmenntun starfsmanna	Tími
Lestur		Fræðsla um áherslur og leiðir í lestri. Upprifjun og að festa góð vinnubrögð í sessi.	Skólaárið 2016-2017
-Hljóðkerfis- og hljóðavitund Umskráning	Móðurmálkennarar sérkennarar á yngsta stigi og	Fræðsla um hljóðkerfis- og hljóðavitund, umskráningu og mismunandi leiðir til þjálfunar.	Eitt erindi



	stjórnendur		
Lesfimi	Íslensku-, sérkennarar og stjórnendur	Fjölbreyttir kennsluhættir í þjálfun lesfimi í skóla og heima fyrir nemendur í 1.-10. bekk.	Þrjú erindi Fyrir yngsta-, mið- og elsta stig
Orðaforði	Allir bóknáms-, sérkennarar og stjórnendur	Fjölbreyttir kennsluhættir í kennslu orðaforða með það að markmiði að efla lesskilning.	Tvö skipti
Gagnvirkur lestur	Allir bóknáms-, sérkennarar og stjórnendur	Upprifjun og kennsla á aðferð.	Tvö skipti og eftirfylgnifundir
Hugtakakort	Allir bóknáms-, sérkennarar og stjórnendur	Upprifjun og kennsla á aðferð.	Tvö skipti og eftirfylgnifundir
PALS	Íslensku-, sérkennarar og stjórnendur	Upprifjun og kennsla á aðferð.	Eitt skipti
Ritun	Allir bóknáms-, sérkennarar og stjórnendur	Fjölbreyttir kennsluhættir í kennslu ritunar.	Tvö skipti
Skapandi skrif	Íslensku-, sérkennarar og stjórnendur	Fjölbreyttir kennsluhættir í skapandi skrifum.	Eitt skipti

Umhverfisstefna

Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn skóli sem fékk Grænfanann afhentan í fjórða sinn vorið 2015. Umhverfisteymi er starfandi við skólann og hefur það meginhlutverk að sjá til þess að skólinn viðhaldi verkefninu. Umhverfisteymi skólans úrfærir umhverfisdag að hausti í tengslum við dag íslenskarar náttúru og þemadaga að vori þar sem áhersla er á umhverfismennt. Áfram verður unnið í samvinnu við leikskólann Gimli um að útbúa reit til útikennslu við Grænás.

Stjórnendaheimsóknir í kennslustund

Á skólaárinu 2014-2015 var farið af stað með stjórnendaheimsóknir í kennslustund hjá kennurum. Heimsóknirnar tókust mjög vel en stjórnendur og kennarar voru ánægðir með þær. Tilgangurinn var að gefa endurgjöf á kennsluna og lögð var áhersla á samræður milli stjórnenda um nám og kennslu.



Lærum hvert af öðru

Kynning(ar) frá kennurum/kennarhópum/starfsmönnum á kennara-/starfsmannfundum sem sótt hafa áhugaverð námskeið og ráðstefnur. Einnig ef kennarar hafa frá skemmtilegri kennsluhugmynd að segja frá.

Námsferð til Birmingham

Farið verður á Education show í Birmingham 16.-19. mars. Bæði verður farið á sýninguna sem og starfsmenn skrá sig á erindi og fyrirlestra í tengslum við sýninguna.

Rækta starfsmannahópinn

Ein af áherslu skólaársins er að rækta starfsmannahópinn með ýmsum hætti þannig að starfsmönnum líði vel í vinnunni og finni að þeir tilheyri hópi af framsæknum starfsmönnum sem allir stefna í þá átt að gera gott skólastarf enn betra. Samvinna við starfsmannafélagið um skemmtilegar uppákomur til að efla starfsmannahópinn.

Meðal verkefna:

Hautferð/fræðsluferð

Matti Ósvald með erindið „Sigráðu sjálfan þig“


Núvitund og slökun

Lífshlaup- fræðsla og fl. í tengslum við það.

Ferð til Birmingham í mars


Helstu forgangsverkefni skólans eru:

- ✓ að vinna að innleiðingu á námsmati eftir Aðalnámskrá grunnskóla
- ✓ að viðhalda PBS verkefninu í skólanum
- ✓ að viðhalda verkefninu Stöndum saman
- ✓ að efla og styrkja kennara í faglegu starfi
- ✓ að innleiða nýja tækni í takt við Aðalnámskrá með notkun spjaldtölva í kennslu
- ✓ að nota og nýta Mentor á öllum sviðum skráningar, mats o.fl.
- ✓ að viðhalda handbók sem er grunnur að sjálfsmati
- ✓ að vinna eftir áætlun um sjálfsmat
- ✓ að viðhalda og vinna að áframhaldandi lestrarmenningu innan skólans
- ✓ að ná betri árangri í lestri og lesskilningi
- ✓ að efla námsárangur í skólanum
- ✓ að efla umhverfisvernd og umhverfisfræðslu ásamt útikennslu
- ✓ að viðhalda Grænfánaverkefninu
- ✓ að viðhalda jafnréttisáætlun skólans
- ✓ að stjórnendur fari í stjórnendaheimsóknir
- ✓ að læra hvert af öðru



Áætlun um símenntun skólaárið 2016-2017

Heiti	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Námsmat í takt við Aðalnámskrá -Hæfniviðmið -Lykilhæfni -Námsmat	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar	Námsmasteymi, Rafn Vilbergsson teymisstjóri
Endurmenntunardagar að hausti: <ul style="list-style-type: none"> • Bekkjarstjórnun og agi • Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu. Bætt hegðun betri líðan. • Vinátta • Hugarfrelsi • Námskeið um kvíða í skólaumhverfinu • Stærðfræði. Fjölbreyttir kennsluhættir • Hæfniviðmið í skólaþróttum • Hvernig skapa má eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir fagfólk í leik – og grunnskólum • Ritunarnámskeið • Skapandi skóli –Fjölbreyttir kennsluhættir • Kennsla nemenda af erlendum uppruna • Öryggisnámskeið • Útikennsla • Notkun iPads í námi • Sameiginlegur fundur allra grunnskólanna í Stapa 	10. -11. ágúst	Kennarar og annað starfsfólk	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
Haustferð/fræðsluferð	17. ágúst	Allir starfsmenn	Stjórnendur
Lestu meira lestu betur	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar	Deildarstjórar, (Drífa Gunnarsdóttir og Helena Rafnsdóttir)
PBS –Viðhald verkefnisins	Haustönn og jafnt og þétt yfir skólaárið	Upprifjun fyrir alla Kynning fyrir nýja kennararog starfsfólk	Guðný Karlsdóttir og Kristín Blöndal
Stöndum sama	Haustönn / september	Allt starfsfólk	Guðný Karlsdóttir og Kristín Blöndal



PALS	Á haustönn	Íslenskukennarar í 2. -6. bekk	Hulda Karen Daníelsdóttir
Stóra – Upplstrarkeppnin Litla – Upplstrarkeppnin	Á skólaárinu	Íslenskukennarar í 4. og 7. bekk og aðrir áhugasamir	Fræ/Raddir
Skráningarkerfi Mentors	Námskeið í upphafi skólaárs og jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar	Rafn Vilbergsson Drífa Gunnarsdóttir Guðný Karlsdóttir
Spjaldtölvur í námi og kennslu	Á skólaárinu	Allir kennarar	iPad teymi
Fræðsla um sjúkdóma hjá nemendum	5. október	Allt starfsfólk	Skólahjúkrunarfr.
Jafnréttisáætlun viðhaldið	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Jafnréttisnefnd, Guðmundur Ingvar Jónsson teymisstj.
Grænfánaverkefnið	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Umhverfisteymi Katrín Baldvinsd. Teymistj.
Sigraðu sjálfan þig	7. september	All starfsfólk	Matti Osvald
Núvitund og slökun	Á vorönn	Allt starfsfólk	Guðrún Hildur Jónsdóttir
Kynning á því sem kennarar / starfsfólk er að gera gott. Greinabundnar og faglegar umræður	Yfir skólaárið	Kennarar	Kennarar skólans
Heimsóknir stjórnenda í kennslustund	Á skólaárinu	Allir kennarar	Stjórnendur
Ýmis forvarnarfræðsla	Á skólaárinu	Kennara og starfsfólk	Sérfræðingar
Lífshlaupið	Á vorönn	Allt starfsfólk	Starfsmenn, stjórnendur o.fl
Fræðsla/kynning á ýmsum áætlunum á vegum skólans	Á skólaárinu	Starfsmenn	Stjórnendur/ starfsmenn
Education show Birmingham	16.-19. mars	Allt starfsfólk	Stjórnendur
Sundpróf sundkennara	Á skólaárinu	Sundkennarar	Fræðsluskrifstofa/Hafsteinn Ingibergsson



Lærum hvert af öðru	Á skólaárinu	Kennarar/starfsmenn	Stjórnendur og kennarar
Ýmis námskeið á vegum starfsmannafélagsins	Á skólaárinu	Kennara og starfsfólk	Hugmyndir frábærs starfsfólks

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Fræðsluskrifstofa RNB :

- ✓ Skipuleggja fræðslu á endurmenntunardögum
- ✓ Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár með fræðslu, samstarfi og utanumhaldi verkefnis
- ✓ Kennarar taka þátt í þróunarverkefnum með öðrum grunnskólum Reykjanesbæjar á vegum Fræðsluskrifstofunnar í samræmi við tillögu okkar og annarra skóla
- ✓ Námskeið til undirbúnings Litlu- og Stóru upplestrarkeppninni
- ✓ Fræðslufundir fyrir fag- og árgangakennara í yngri bekkjum sem Fræðsluskrifstofa Rnb stendur fyrir þar sem þeir hittast til að miðla þekkingu og upplýsingum
- ✓ Fundir deildastjóra

Framkvæmd símenntunar

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar og er áætlunin kynnt starfsmönnun í upphafi skólaárs.

Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þeir leita tækifæra til að bæta kunnáttu og þroska hæfileika sína. Starfsmenn taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þeir þarfnast hennar.

Símenntunaráætlun er í stöðugri endurskoðun og getur breyst eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

Framhaldsnám

Framhaldsnám telst ekki hluti af 150 klukkustundum til endur- og símenntunar nema það tengist beint símenntunaráætlun skólans. Framhaldsnám er skráð sem hluti af einstaklingsáætlun starfsmanns.

Fjármögnun

- ✓ Í fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2016-2017 er gert ráð fyrir þeim fjárhæðum sem fást vegna umsókna í endur- og símenntunarsjóð til námskeiða
- ✓ Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sér um fjármögnun
- ✓ Símenntunarsjóðir sem skólinn og starfsmenn sækja í
- ✓ Styrkur var veittur úr Endurmenntunarsjóð grunnskóla
- ✓ Starfsmaður greiðir



Skráning og mat

Starfsmaður skráir á þar til gert eyðublað þá endur- og símenntun sem hann tekur þátt í og skilar til skólastjóra að vori.

Skólastjóri og starfsmaður meta hvort símenntun telst matshæf.

Skólastjórar fara yfir og meta, í starfsmannasamtölum, hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í símenntunaráætlunum.

Mat á eigin áætlun starfsmanns í starfsmannasamtölum.

Gert er ráð fyrir að endur- og símenntunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla er birt á heimasíðu skólans ásamt eyðublaði fyrir starfsmenn til útfyllingar.

**Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla er unnin
fyrir starfsmenn með menntun og mannrækt að leiðarljósi**